

## FJÖLSKYLDAN Í FORGANGI

### Tillögur í leikskóla- og dagvistarmálum í Hafnarfirði

Markmiðið með breytingum á innritunarreglum er að lækka innritunaráldur barna í leikskóla en einnig að treysta dagforeldrakerfið og minnka útgjöld barnafjölskyldna.

Stefnt er að því að á kjörtímabilinu verði börn 18 mánaða á því ári sem þau innritast í leikskóla. Innritunaráldur verður lækkaður um einn mánuð á ári við hverja innritun í ágúst og febrúar þar til því takmarki verður náð. Með tillögunum eru einnig stigin fyrstu skref í að lækka útgjöld barnafjölskyldna. Vinna starfshóps sem m.a. tekur á gjaldskrá er enn í fullum gangi og frekari breytinga á gjöldum að vænta áður en langt um líður. Tillögurnar gera ráð fyrir að:

#### 1. ágúst 2015

- verði börn fædd í janúar og febrúar 2014 innrituð í leikskóla
- niðurgreiðsla í dagforeldravistun hækki úr 40.000 kr. í 50.000 kr á mánuði.
- mótframlag í dagforeldravistun hækki við 18 mánaða aldur
- hafinn verði undirbúningur í 1-2 leikskólum á tilraunaverkefni um sex tíma gjaldfrjálsan leikskóla

#### 1. febrúar 2016

- verði börn fædd í mars og apríl (eftir því sem pláss leyfir) 2014 innrituð í leikskóla

#### 1. ágúst 2016

- verði börn fædd í jan, feb, mars 2015 innrituð í leikskóla

#### 1. febrúar 2017

- verði börn fædd í apríl og (e. plássí) maí 2015 innrituð í leikskóla

**Greinargerð:**

Í gildi eru innritunarreglur í leikskóla Hafnarfjarðarbæjar sem miða við að börn fá leikskólapláss á árinu sem þau verða 2ja ára en börn í forgangshópi hafa komist fyrr að. Undanfarin ár hafa auk þess yngri börn verið innrituð í leikskóla eftir því sem pláss hafa losnað. Í skólastefnu Hafnarfjarðarbæjar frá árinu 2009 er kveðið á um að stefnt skuli að því að börn komist inn við 18 mánaða aldur. Með tillögunni sem hér er lögð fram er markmiðið að festa þá stefnu í sessi með skýrum og gagnsæjum hætti einkum gagnvart foreldrum og dagforeldrum og breyta um leið núgildandi innritunarreglum. Stefnt er að því að á kjörtímabilinu verði börn 18 mánaða á því ári sem þau innritast í leikskóla.

Einnig er áhersla á að létta byrðar á barnafjölskyldum með því að auka til muna mótframlag til foreldra barna hjá dagforeldrum. Mótframlag til foreldra með börn hjá dagforeldrum verða hækkuð um 25% frá því sem nú er, eða úr 40.000 kr. í 50.000 kr. á mánuði. Í núgildandi reglum fá foreldrar barna sem orðin eru 2ja ára en hafa ekki fengið leikskólavist, aukið mótframlag vegna vistar hjá dagforeldrum. Þessum reglum verður breytt þannig að miðað verður við 18 mánaða aldur barnsins.

Jafnframt verður tilraunaverkefni um sex tíma gjaldfrjálstan leikskóla undirbúið og verða 1-2 leikskólar fengnir til að taka þátt í því. Reynsla þeirra af verkefninu verður höfð til hliðsjónar þegar ákveðið verður um slíkt skipulag til framtíðar.

Við afgreiðslu tillögunnar í bæjarstjórn verða jafnframt lagðar fram tillögur um hvernig þessum útgjöldum verði mætt án útgjaldaauka fyrir bæjarsjóð. Verður útfærslan kynnt nánar við framlagningu viðaukans.